SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku–framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skrifstofa landgæða

Reykjavík 16. september 2020

Efni: Drög að frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd – málsmeðferðareglur vegna friðunar, stytting á kynningartíma fyrirhugaðrar friðlýsinga – Samráðsgáttarmál nr. 169/2020.

Í lýsingu á málinu er það kynnt með þeim hætti að breyta eigi nokkrum ákvæðum náttúruverndarlaga sem lúta að framkvæmd friðlýsinga, þ.e. auglýsingu tillagna og styttingu á kynningarfresti, en auk þess að bæta inn ákvæði ráðherraákvörðun um kortlagningu víðerna o.fl.

Lagt er til að ákvæði 36. gr. um kynningu og málsmeðferð verði breytt með þeim hætti að út falli skylda til að auglýsa tillögur samkvæmt lögunum, þ.m.t. um friðanir, í dagblöðum sem gefin eru út á landsvísu. Er það gert undir þeim formerkjum að nútímavæða beri auglýsingar og því beri að horfa til vefmiðla fremur en prentmiðla. Rétt er hér að benda á að flestir prentmiðlar og þá einkum þeir sem gefnir eru út á landsvísu birtast jöfnum höndum í vefútgáfu og því ljóst að í því fellst ákveðin nútímavæðing. Hvort sá tími er komin að óhætt sé að fella út auglýsingar í prentmiðlum er ekki gott að segja en vænlegt ef hægt væri að vísa í rannsóknir því til stuðnings.

Meiru skipti þó í þessu samhengi að sú skylda sé lögð á þá aðila sem sjá um gerð og auglýsingu tillagna að birta þær í **Samráðsgátt stjórnvalda** sem hlýtur að vera í samræmi við markmiðið með henni og þar með nútímavæðinguna. Ber í þessu sambandi að hafa sérstaklega í huga að hægt er að vera áskrifandi að tilkynningum frá Samráðsgáttinni og fá þær þannig í tölvupósti. Samorka hefur áður bent á mikilvægi þess að þessi skylda verði lögð á stofnanir ríkisins og þá jafnframt að umsagnir um tillögurnar birtist á vefsíðu Samráðsgáttarinnar. Ljóst má vera að hagaðilar hafa fagnað þeirri nýjung sem fest í Samráðsgáttinni og hana ber að sjálfsögðu að nýta á öllum stjórnsýslustigum.

Lögð er til sú breyting á 38. gr. að þegar auglýsa á friðlýsingaráform sem byggja á ákvörðun ráðherra og eru með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags og **friðanir sem byggja á verndar- og orkunýtingaráætlun skv. 53. gr. laganna** þá sé lágmarksfrestur á kynningu tillagna að friðunum verði færður úr **átta** vikum niður í **tvær** vikur. Vísað er til þess að reynslan sýni að átta vikur séu allt of langur frestur án þess að það sé skýrt á annan hátt en þann að sá frestur hafi í raun verið hugsaður fyrir náttúruminjaskrá en ekki aðrar friðanir. Þetta er auðvitað mjög sérstök nálgun þegar um er að ræða samþykkt lög frá Alþingi að gefa í skyn að þetta séu einhverskonar mistök hjá þinginu að fella friðanir undir sömu skilmála sama hvers eðlis þær eru. Að færa frestinn niður í aðeins tvær vikur er síðan í engu samhengi við þá miklu hagsmuni sem um er að ræða í friðunum þeim sem hér eru undir. Um er að ræða friðanir sem náð geta yfir gífurlega stór landsvæði þar sem fjölmargir landeigendur og aðrir hagaðilar eiga

hagsmuni. Nægir í því samhengi að benda á þær friðanir sem undanfarið hefur verið farið í á grundvelli verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar skv. 53. gr. laganna, þar sem heilu vatnasviðin eru undir auk árbakka og niður að ósum. Með þetta í huga má því fremur segja að reynslan sýni að full þörf sé á því að hafa tímafresti rúma sér í lagi þegar friðanir fela í sér skerðingu á eignarréttindum landeigenda sem jafnvel virðist ekki hugað að í undirbúningi friðunar ef marka má fréttir af málshöfðun á hendur ríkinu einmitt af þessu tilefni.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 39. gr. að frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu sé færður úr tólf vikum í sex vikur undir þeim formerkjum að með því sé hægt að flýta ferli firðlýsinga eins og segir í greinargerð frumvarpsdraganna. Í hvaða tilgangi þörf er á slíkri flýtingu er síðan ekki útskýrt nánar sér í lagi þegar horft er til þeirra hagsmuna sem vísað er til hér að framan.

Með framanritað í huga og þá grundvallar kröfu að eðlilegt sé allar friðanir fylgi sömu stjórnsýslulegu meðferðinni samkvæmt náttúruverndarlögum er enginn þörf á því að stytta fresti með þeim hætti sem hér er lagður til.

Loks er í frumvarpsdrögunum lagt til að inn komi sérstakt ákvæði 73. gr. a sem felur í sér að „ráðherra skal láta kortleggja svæði á landinu sem teljast til óbyggðra víðerna“. Það er mjög sérstök hugmynd að bæta ákvæði sem þessu inn í lögin, í kafla sem ber heitið „skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira“. Hér ber að hafa í huga að Náttúrufræðistofnun, samkvæmt náttúruverndarlögum og samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 er falið einmitt þetta hlutverk. Að sjá um kortlagningu landsins að þessu leyti, sbr. einkum c. lið 4. gr. um „aðalverkefni“ hennar, þ.e. „að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskra náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta“ þar að lútandi. Sé talið að framangreind lög séu ófullnægjandi heimild til handa Náttúrufræðistofnun að standa að þeim þætti náttúru íslands sem flokkast kann undir óbyggð víðerni væri nær að skerpa á því í lögunum um stofnunina fremur en að setja þetta sérstaka ákvæði inn í náttúruverndarlögin.

Með framanritað í huga getur Samorka ekki fallist á ofangreinda hugmyndir að breytingu á náttúruverndarlögum.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna aðildarfélaga sinna um málið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja.

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur